

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/732
komudagur 24.1.2005



IÐNNEMASAMBAND ÍSLANDS

LANDSSAMBAND IÐN- OG STARFSNÁMSNEMA

STOFNAD 1944

Reykjavík 19. janúar 2005

Efni:

Afnám laga nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands, með síðari breytingum.

Álit Iðnnemasambands Íslands

Tækniháskóli Íslands er sá skóli sem óeitanlega liggur beinast við fyrir marga iðnnema að fara í, að iðnnáminu loknu. Til að mynda gerir Tækniháskólinn stúdentspróf ekki að inntökuskilyrði heldur býður upp á frumgreinadeild til undirbúnings náms í THÍ. Í þessu sambandi verður að minna á þá ákvörðun Háskóla Íslands að starfsnámsstúdentsprófið sé ekki jafngilt stúdentsprófum úr hefðbundnum menntaskólum þegar kemur að inntökuskilyrðum í HÍ. Það er því mun greiðari leið fyrir fólk sem lokið hefur iðnnámi að Tækniháskólanum en t.d. Háskóla Íslands.

INSÍ hefur, af þessum ástæðum, ríkra hagsmuna að gæta, varðandi breytingar á THÍ vegna samruna THÍ og Háskólans í Reykjavík.


Tækniháskólinn, í þeirri mynd sem hann er í dag, skiptist í fjórar deildir: Frumgreinadeild, heilbrigðisdeild, rekstrardeild og tæknideild. Sú deild sem ætla má að iðnmenntað fólk sækist mest í er tæknideildin og samkvæmt upplýsingum frá THÍ er um 40% nemenda á tæknideildinni. M.ö.o. er ljóst að eitt af aðalhlutverkum THÍ, eins og hann er nú, er að sinna framhaldsmenntun iðnmenntaðs fólks.

INSÍ leggur ríka áherslu á þörf þess að tæknideild hins nýja skóla verði áfram eitt af aðalmerkjum skólans. Þ.e. að háskólanám það sem útskrifaðir iðnnemar helst sækja sér haldi áfram að styrkjast og vaxa.

INSÍ leggur einnig áherslu á að kappkostað verði á að halda skólagjöldum við hinn nýja skóla í algjöru lágmarki. Sameining skólanna má ekki verða til þess að skólagjöldin verði svo há að einungis efnameira fólk hafi tækifæri til náms við hinn nýja skóla.

Að lokum styður stjórn INSÍ álit stúdentaráðs THÍ á frumvarpi þessu. INSÍ telur algerlega ótækt að ekki sé gert ráð fyrir fulltrúa nemenda innan háskólaráðs hins nýja sameinaða skóla. Nemendur er það afl sem alls ekki má gleymi við mótun og rekstur skólans.

Fyrir hönd


Hulda Katrín Stefánsdóttir
Formaður INSÍ

Jr